



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 17.01.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

### Snjóflóð á Flateyri og í Súgandafirði

Lýst var yfir neyðarstigi þann 15. janúar vegna snjóflóða á Flateyri og í Súgandafirði. Þrjú snjóflóð féllu á skömmum tíma á tólfta tímanum þann 14. janúar á norðanverðum Vestfjörðum. Tvö snjóflóð féllu á og við Flateyri, annað utan við leiðigarða og yfir þá og lenti á húsi þar sem fjórir voru inni. Stúlka grófst í flóðinu og var henni bjargað, aðrir komust út af sjáfsdáðum. Hitt flóðið féll innan við leiðigarðana og alla leið ofan í höfnina þar sem bátar slitnuðu frá og nokkrir sukku. Þá féll enn eitt flóðið úr norðanverðum Súgandafirði niður á Norðureyri og fram í sjó. Við það myndaðist flóðbylgja sem skall á höfninni og fjörunni á Suðureyri þar sem bátar slitnuðu frá og sjór flaut um næstu götur. Tjón liggur ekki fyrir.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð þann 14. janúar kl. 23:56 mun ljúka störfum í kvöld 17. janúar. Samhæfing aðgerða hefur farið fram í Samhæfingarstöðinni.

Aðgerðarstjórn á Ísafirði var virkjuð kl. 23.44 þann 14 janúar og stefnir að því að ljúka störfum í dag 17 janúar

### Samantekt

- Veður – Suðaustan stormur með mikilli rigningu eða slyddu og hlýnandi veðri, en heldur hvassara og snjócoma til fjalla í fyrstu.
- Vegakerfi/samgöngur – Víðast hvar háлка eða snjóþekja
- Lögreglan – Sinnir samhæfingu aðgerða
- Björgunarsveitir – Verðmætabjörgun og aðstoð við íbúa
- Rauði krossinn – Skipuleggur áfallahjálp
- Neyðarlínan – Sinnir boðun
- Flugsamgöngur – Áætlunarflug til Ísafjarðar er á áætlun
- Landhelgisgæslan – Varðskipið Þór er á Flateyri og þyrilan til taks
- Náttúruhamfaratrygging Íslands – Vinna að mati á tjóni
- Umhverfisstofnun – Metur umfang mengunar á Flateyri, fyrstu aðgeðir hafnar
- Íbúafundir – Fyrirhugaðir eru fundir 20. og 21. Janúar
- Tímabundin þjónustumiðstöð almannavarna – Fyrirhugað er að opna þjónustumiðstöð á Vestfjörðum
- Almannavarnastig – Enn er starfað á óvissustigi



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



## Staða mála

### Veðurstofa Íslands

**Veður.** Appelsínugul viðvörðun er í gildi fyrir 19 janúar 00:00 til 10:00. Suðaustan stormur með mikilli rigningu eða slyddu og hlýnandi veðri, en heldur hvassara og snjócoma til fjalla í fyrstu. Búast má við auknum leysingum og afrennsli, einnig vatnavöxtum í ám og lækjum. Mikil hálka getur myndast þar sem rignir á klakabunka eða þjappaðan snjó. Mikilvægt er að hreinsa frá niðurföllum til að forðast vatnstjón vegna rigningar og leysingavatns. Víðtækar samgöngutruflanir líklegar og ekkert ferðaveður er á meðan viðvörðunin er í gildi. Snjóflóðaspá: Mikil snjósöfnun var í stífri NA átt frá því um helgina fram á miðvikudag. Fjöldi náttúrlega flóða féll. Stór, náttúrleg flóð eru talin ólíkleg á föstudag og laugardag en snjóalög eru óstöðug og mikil hættu er á því að setja af stað stór flóð ef ferðast er í brattlendi. Á sunnudag er spáð rigningu sem skapar hættu á blautum flóðum. Ferðafólk í fjalllendi þarf því að sýna ítrústu aðgæslu.

Starfsmenn snjóflóðavaktar Veðurstofunnar á Vestfjörðum hafa verið að meta aðstæður og mæla snjóflóð á svæðinu.

### Vegakerfi/samgöngur

Vetrarfærð á vegum víðast hvar á Vestfjörðum, flestir vegir færir. Vakin er athygli á að í Skötufirði er ekki alls staðar búið að moka í fulla akstursbreidd þar sem mest snjóflóð hafa komið niður. Því þarf að gæta varúðar við að mæta bílum.

### Lögreglan

Samhæfing aðgerða er í höndum lögreglu.

Fulltrúar almannavarnadeildar hafa verið að störfum í Samhæfingarstöð frá virkjun hennar.

### Björgunarsveitir

Í dag luku björgunarsveitir við mokstur á snjó úr húsinu í Ólafstúni 14, birgja fyrir glugga og loka húsinu.

Björgunarsveitafólk hefur verið að stöfum á Flateyri í dag og aðstoðað íbúa við snjómokstur. Lögð hefur verið áhersla á að moka snjó frá húsum og hreinsa þök þar sem von er hláku næstu daga.

Áhöfn á björgunarbát björgunarsveitarinnar á Flateyri hefur unnið með áhöfn varðskipsins Þórs í að hreinsa upp lausamunni sem eru á floti í og við höfnin.

Hluti björgunarsveitafólks sem sent var frá höfuðborgarsvæðinu fyrr í vikunni fór með flugi til baka seinni partinn í dag. 7 manns verða áfram á Flateyri til stuðnings við björgunarsveitir á svæðinu vegna veðurspár á sunnudaginn þrjú aðgerðarstjórnendur starfa í Samhæfingarstöð þar til í lok dags.

### Neyðarlínan

Neyðarlínan sinnir boðunum eftir þörfum

### Rauði krossinn

Rauði krossinn skipuleggur áfallahjálpi í kjölfar snjóflóðanna á Vestfjörðum. Áfallateymi hafa verið að störfum í dag og hefur öllum beiðnum um áfallahjálpi verið sinnt. Áfram er tekið við beiðnum um áfallahjálpi ef óskað er eftir. Samráðshópurinn um áfallahjálpi á Vestfjörðum hefur fundað og mun bregðast við þeim málum sem berast og fylgja málum eftir.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



## Landhelgisgæslan

Varðskipið Þór var til taks við Flateyri í dag. Áhöfnin átti fund með sérfræðingi Umhverfisstofnunar og hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar til að fara yfir mengunarvarnir og hreinsun hafnarinnar. Áhöfnin á varðskipinu hélt á tveimur léttbátum og hreinsuðu brak og annað rusl úr höfninni. Þá var krani varðskipsins notaður til að hífa brakið úr sjó.

## Umhverfisstofnun

Unnið hefur verið að því í dag að kortleggja og mæla botninn á höfninni með fjölgeislamælingu. Þau gögn verða notuð til að skipuleggja næstu skref hreinsunarstarfsins. Björgunarsveitir og áhöfn varðskipsins Þórs hafa unnið að því í dag að fjarlægja lausamuni úr höfninni og svæðinu þar í kring.

Umhverfisstofnun í samstarfi við verktaka ráðgerir að fjarlægja báta úr höfninni á morgun.

## Eignatjón

Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur hafið könnun á váttryggingavernd eigna sem skemmdust í snjóflóðinu. Fljótt á titið virðist váttryggingavernd vera á þeim eignum sem skemmdust vera nokkuð góð að frátalinni flotbryggjunni á Flateyri.

## Íbúafundir

Íbúafundur verður haldinn 20. janúar á vegum bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og lögreglustjórans á Vestfjörðum vegna snjóflóðanna á Flateyri og í Súgandafirði. **Íbúafundurinn á Flateyri** verður haldinn mánudaginn 20. Janúar 2020 kl. 17:00 í **Félagsbæ og Íbúafundurinn á Suðureyri** verður haldinn mánudaginn 20. Janúar 2020 kl. 20:00 í félagsheimilinu á Suðureyri.

Auk bæjarstjóra munu hafa framsögu Hulda Ragnheiður Árnadóttir framkvæmdastjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands, Tómas Jóhannesson fagstjóri hjá Veðurstofu Íslands og Margrét Geirssdóttir sviðsstjóri velferðasviðs Ísafjarðakaupstaðar, hópstjóri Samráðshóps um áfallahjálpa á Vestfjörðum. Fulltrúar frá eftirtöldum stofnunum munu sitja fyrir svörum: Ofanflóðasjóður, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Rauða krossi Íslands, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun, Svæðisstjórn björgunarsveita Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Þriðjudaginn 21. janúar klukkan 17 verður haldinn **íbúafundur á Ísafirði** í stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Dagskrá verður auglýst mánudaginn 20. janúar.

Einnig verður haldinn íbúafundur á **Súðavík í Súðavíkurskóla** þriðjudaginn 21. janúar kl. 20. Dagskrá verður auglýst mánudaginn 20. janúar.

## Þjónustumiðstöð almannavarna

Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að opna tímabundna þjónustumiðstöð á Vestfjörðum vegna snjóflóðanna á Flateyri og í Súgandafirði. Þjónustumiðstöðvar eru opnaðar þegar ljóst er að snjóflóð eða aðrar hamfarir hafa haft áhrif á íbúa, byggð, umhverfi og eignir í nágrenni hamfarasvæðis.

Verkefni þjónustumiðstöðvar skulu m.a. felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein áhrif á. Auk þess skal þjónustumiðstöðin, í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir, annast samskipti við fjölmiðla vegna aðgerða sem gripið er til hverju sinni. Nánari upplýsingar um opnun og starfsemi þjónustumiðstöðvar verða auglýstar síðar.

Samkvæmt 14. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 er ríkislögreglustjóra heimilt, þegar hættu ber að garði eða hún um garð gengin, að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands.

## Almannavarnastig

Ríkislögreglustjóri í samráði við Lögreglustjóran á Vestfjörðum hefur ákveðið að færa almannavarnastig í umdæmi Lögreglustjórans á Vestfjörðum af neyðarstigi niður á óvissustig